



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Jöklaborgar

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	5
2.1	Innra mat Heimahlíðar og Heimalundar.....	5
2.2	Innra mat Heimahallar.....	8
2.3	Innra mat Heimakots.....	11
2.4	Innra mat Heimasels.....	13
2.5	Innra mat Heimaból.....	15
2.6	Innra mat sérkennslu.....	18
2.7	Mat elstu barna leikskólans.....	19
3	Ytra mat	20
3.1	Starfsmannakönnun	20
3.2	Foreldrakönnun	21
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
6	Foreldrasamvinna	24
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
8	Fylgigögn.....	27
8.1	Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	27
8.2	Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	28
8.3	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	29



1 Greinargerð leikskólastjóra

Viðburðarríkt skólaár er að baki. Í skólasamfélagi eru stöðugar áskoranir sem svo sannarlega eru krefjandi og nærandi í senn. Margar nýjungar litu dagsins ljós sem starfsmenn einbeittu sér við að læra og takast á við. Má nefna kerfi sem fékk nafnið „Vala“ og er utanumhald skráninga s.s. hvenær börnin mæta og fara heim svo og veikindi barna og sérþarfir. Mjög gott kerfi.

Afleysingaþjónusta var sett á laggirnar á vegum s.f.s. og fengum við að njóta hennar þar sem til okkar kom starfsmaður sem vann hjá okkur í skamman tíma. Gott framtak hjá R.v.b. og sé ég að slík þjónusta komi sér vel í leikskólum borgarinnar.

Skipulagsdagur 5. okt. '18 var sameiginlegur fyrir starfsfólk leik, og grunnskóla Seljahverfis. Starfsmenn leik- og grunnskóla hverfisins komu saman í Ölduselsskóla þar sem þeir hlýddu á fyrirlestur þar sem Pálmar Ragnarsson ræddi um jákvæð samskipti. Eftir hádegi voru starfsmenn allra leikskóla í Breiðholti með sameiginlega stund í Fella- og Hólakirkju þar sem Edda Björgvinsdóttir var með erindi sem hún nefndi „Húmor og aðrir styrkleikar“.

Ný menntastefna var kynnt og ber heitið „Látum draumana rætast“. Mikil vinna var lögð í þessa menntastefnu og margir sem komu að gerð hennar. Út frá henni munum við vinna þróunarverkefni skólaárið 2019 – 2020 þar sem unnið verður með „félagsfærni“ sem mun svo tengjast mörgum öðrum þáttum. Verkefni okkar heitir „Ég, þú og við saman“



Ákveðið var að stækka leikskólann með því að setja tvær færanlegar kennslustofur í garðinn okkar nánar tiltekið á fótboltavöll barnanna og voru börnin ekki ánægð með það því þar voru fótboltasnillingar að æfa sig. Vinna við að koma húsunum tveim fyrir á lóð leikskólans tók ansi langan tíma. Húsin komu til okkar mars. '19 og stefnt að því að starfssemi þar hefjist 12. ágúst '19.

Þá var tekin sú ákvörðun að gera eina deild að ungbarnadeild og byrjuðu framkvæmdir í maí '19. Nú hagar því þannig til að mun yngri börn geta byrjað hjá okkur en verið hefur og er það gleðiefni.



Framkvæmdir verða vonandi fullkláraðar í október þar sem breyta þarf w.c. og koma fyrir tveim skiptiborðum ásamt því að setja litla girðingu úti til að afmarka svæði fyrir yngstu börnin.

Barnamenningarhátíð var haldin í Gerðubergi og sýndu börn í Jöklaborg verk sín og var sýningin formlega opnuð 9. apríl og stóð til 14. apríl.



Hér má sjá verk barna frá Jöklaborg.

Þetta skólaár var starfsmönnum erfitt að því leiti að mikil veikindi voru í starfsmannahópnum sem orsakaði að oftast en nokkru sinni fyrr í sögu leikskólans þurfti að senda börn heim þar sem ekki var nægjanlegt starfsfólk til að sinna þeim barnafjölda sem var. En það er eina ráðið sem við höfum til að tryggja öryggi barnanna.

Hún Elín Páls. sem unnið hefur í Jöklaborg nánast frá upphafi leikskólans hætti í lok ágúst þetta skólaár. Henni eru færðar miklar þakkir fyrir störf sín sem hafa markað stóran sess í menningu og öllu starfi leikskólans. Takk Elín mín fyrir óeigingjarnt starf og þína einlægu fagmennsku í öllu starfi leikskólans.

Útskrift elstu barnanna þetta árið var einstök. Það voru 48 elstu börn hjá okkur þetta skólaár og vegna þess hve mörg þau voru var brugðið á það ráð að fá sal í Seljakirkju fyrir útskriftina. Mjög góð mæting var foreldrar, systkini, afar og ömmur, frænkur og frændur, alveg troðfullur salur. Það var yndisleg stund sem við áttum með þessum gullmolum.



2 Innra mat

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Í byrjun er ákveðið hvað á að meta (matsáætlun/umbótaáætlun) út frá markmiðum leikskólans, menntastefnu Reykjavíkur og fyrirliggjandi gögnum. Því næst er gagna aflað sem varpa ljósi á það ferli sem liggur til grundvallar í umbótaáætlun. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.

2.1 Innra mat Heimahlíðar og Heimalundar

Umbótaþættir Hlíð/Lundur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Samskipti	Innkoma barna í leik og þátttaka þeirra	Virk hlustun, vera til staðar, virk þátttaka starfsmanna	Allt skólaárið	Allir starfsmenn deildarinnar	Vor 2020	Vinna með kenningu Berite Bae



Samverustund: Á þessu skólaári höfum við ekki náð að fara eftir þeirri áætlun sem við settum upp. Mannekla og mannabreytingar hafa haft þær afleiðingar að ekki var hægt að skipta samveru upp og hafa skipulag á þeim. Sem hefur haft í för með sér að þær skila ekki þeim árangri sem lagt var upp með.

Styrkleiki: Áhugi starfsmanna til að sinna hlutverkinu vel

Tækifæri til umbóta: Mikilvægt að deildastjóri fái tíma til að fara yfir með nýju starfsfólki hvernig unnið er í samveru. Að vera með í hillu verkfæri/ hugmyndamöppu til að nota í samveru.

Val: Börnin fara í val þegar þau verða þriggja ára og til að byrja með fer starfsmaður með þeim.

Styrkleikar: Börnin kynnast svæðum leikskólans vel, þekkja starfsfólk skólans, kynnast fleiri börnum og eignast þarf af leiðandi fleiri vini. Eikur öryggi og sjálfstraust.

Tækifæri til umbóta: Að deildastjóri fái tækifæri á að kynna valið fyrir starfsmönnum deildarinnar hvernig valið er sett upp og hvernig það fer fram.

Við viljum halda þessum þáttum áfram næsta skólaár

Opnu hús: Opna húsið gekk vel hjá okkur. Það var vel mætt af foreldrum, við fengum hrós frá foreldrum sem er frábært fyrir okkur starfsmenn deildarinnar.

Verkefnavinna var ekki eins og hún hefði átt að vera þar sem við náðum ekki að halda hópastarfinu gangandi þetta skólaárið. Við reyndum að leggja verkefnin fyrir börnin þegar tækifæri gáfust.

Umbætur: Að leggja upp úr að hópavinna detti ekki niður. Mikilvægt að undirbúningur haldi sér í stað þess að taka tíma frá börnunum.

Aðlögun: Aðlögunin var ekki að okkar óskum: Það var byrjað fyrr en áætlað var. Starfsfólk deildarinnar var ekki komið úr sumarleyfum, sumarstarfsfólkið var í aðlöguninni sem var ekki nógu gott þar sem börnin tengdust þeim og svo þurfti að kynna börnin fyrir því starfsfólki sem vinnur á deildinni. Deildin var ekki tilbúin eftir að það var málað yfir sumartímann, og voru starfsmenn á fullu að ganga frá eftir það.

Umbætur: Fyrst og fremst að foreldrar hafi komið í fyrsta viðtal með leikskóla- eða aðstoðarleikskóla stjóra og deildastjóra svo að allar upplýsingar séu komnar um barnið. Mikilvægt að allt starfsfólk sé komið til vinnu þegar aðlögun byrjar. Að fyrrum börn séu komin á sínar deildar.



Færsla barna á milli deilda þegar það er mannekla: Í haust gekk vel þegar börn þurftu að færast á milli deilda. Þau voru spennt og ánægð að fara á aðrar deildir. En þegar mikið var um manneklu þá jókst færsla milli deilda, þá minnkaði gleði barnanna, sem varð til þess að við þurftum að vera að færa grátandi börn á milli deilda.

Umbætur: Passa uppá að starfsfólk taki vel á móti börnunum með gleði. Helst viðjum við sjá að þurfa ekki að færa börnin á milli deilda. Við viljum fá að ákveða sjálf hvaða börn við færum á milli deilda ekki bara senda elstubörnin. Það þurfa allir starfsmenn að fá allar upplýsingar áður en börnin færast á milli.

Flæði: Við höfum staðið okkur vel í að halda flæðinu á milli deilda. Við sjáum tillökkun barnanna þegar þau fara í Flæðið. Gaman að sjá hversu fjölbreytt flæðið hjá okkur er. Erum ánægð með þetta fyrirkomulag.

Til að verða enn betri viljum við halda sama fyrirkomulagi áfram með börnunum, setja í vikuskipulagið hvaða starfsmaður fer með börnunum á milli deilda.

Sjálfsstyrkingu barnanna: Félagslegri styrkingu og tengsl við fleiri starfsmenn. Fjölbreytni og góða líðan barnanna.

Val: Að okkar mati fellur Valið heldur oft niður, en þegar Valið er þá er allt á góðu róli.

Til að verða enn betri viljum við sjá Valið halda, en ekki falla niður t.d. þegar að mannekla er og desemberundirbúningur, öskudagsundirbúningur og þegar nær dregur sumarfríi. Mjög mikilvægt að halda rúttínu barnanna. Passa uppá að Listasmiðja verði alltaf inni og rótera starfsmönnum þar inni. Hafa metnaðarfull verkefni þar. Sá starfsmaður sem er í Listasmiðju fái undirbúning svo verkefnin verði metnaðarfullt. Með rúttínu stefnum við á að líðan barna og starfsmanna verði betri. Að valið verði eftirminnilegt hjá börnunum og að aðlögun gangi betur.



2.2 Innra mat Heimahallar

Umbótaþættir Heimahöll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að fá betra yfirlit yfir ýmsa þroskaþætti barnanna	Að geta séð hvaða framfarir hafa orðið í fyrirfram ákveðnum þáttum	Að vinna sérstaklega að því að örva þessa tilteknu þætti	Hefst að hausti og lýkur að vori	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Velja ákveðna þætti og prófa að hausti og aftur að vori	Að merkjanlegar framfarir hafi orðið á þeim þáttum sem sérstaklega voru teknir fyrir
Merkingar	Að leikföng og hlutir eigi vísan stað þar sem hægt er að ganga að þeim	Að merkja leikfangakassa og hillur	Haust 2019	Deildarstjóri	Teknar myndir af leikföngum og þær límdar á viðkomandi kassa og hillu ásamt texta	Að öll leikföng og hlutir séu merktir og eigi vísan stað
Leikur barna	Að börnin læri góð samskipti við jafnaldrá í leik	Að skapa góðar leikaðstæður og kenna góð samskipti byggð á hugmyndafræði leikskólans	Frá hausti fram á vor	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Skráning allan veturinn	Að börnin leiki sér saman árekstralítið og eigi vináttu hvers annars



Að meta þroska þætti: Ekki vannst tími til að útbúa markvissa áætlun til að vinna eftir. Ástæðan var fyrst og fremst mikil veikindi í starfsmannahópnum í vetur.

Hugmyndin er til staðar og verður stefnt að því að vinna með hana næsta skólaár

Endurvinnsla: Börnin hafa lært að flokka pappír og mat. Einnig flokkum við plast. Starfsfólk deildarinnar er orðið meðvitaðra um flokkun og tilbúið að kenna nýjum börnum.

Opið hús: Opið hús tókst vel. Góður tími 14:30 til 16:00. Gestir gáfu sér margir hverjir góðan tíma til að staldra lengi við og skoða verk barnanna. Mjög gott að hafa gengið frá öllum verkum barnanna jafnóðum þannig að fljótlegt var að hengja þau upp.



Listaverk barna

Aðlögun: Skiptir miklu máli að standa vel að aðlögun þannig að hún gangi vel. Það þarf að fara saman að eldri börn, sem eru að fara í aðlögun á eldri deildar, fari af deildinni á sama tíma og nýju börnin eru í aðlögun. Gott ef hver hópur getur fengið tvær vikur áður en nýr hópur kemur í aðlögun. Það er líka best að starfsfólk deildarinnar sé komið úr sumarfríi áður en aðlögun hefst.

Að færa börn milli deilda vegna veikinda starfsfólks: Hefur þann kost að börn geta verið í leikskólanum og það léttir álagi af starfsfólki þeirrar deildar þar sem vantar fólk. Sumum börnum finnst gaman að prófa að fara á aðra deild einn og einn dag. Mörg vilja hins vegar ekki fara mörgum sinnum og sum alls ekki. Ókostur er að það eykur álag á þeirri deild sem tekur við börnunum og börnin vilja stundum ekki fara.



Til að þetta fyrirkomulag gangi vel þurfa samskipti milli að vera góð og að vel sé tekið á móti börnunum. Það þarf líka að gera heimsóknina spennandi fyrir börnin þannig að hún verði eftirsóknarverð.

Valið: Fellur of oft niður. Þegar það er þá gengur vel og er góð tilbreyting fyrir börnin, þau eru flest spennt að fara. Börnin kynnast fleiri börnum, fá að leika sér í öðrum aðstæðum með ný leikföng. Þau þurfa að velja sér svæði og standa við val sitt. Stundum er smá ögrun að fara ekki með besta vininum. Ekki láta valið falla niður svona oft og halda því inni í skipulaginu. Hafa valið jákvæða upplifun fyrir börnin.

Flæði á Heimahöll og Heimahlíð: Stöndum okkur vel, fellur sjaldan miður. Börnin fara mismikið á milli deilda. Skipta þarf starfsfólki betur niður þannig að starfsmaður frá Heimahlíð komi á Heimahöll og öfugt. Halda þessu fyrirkomulagi óbreyttu. Fimm börn á Heimahöll hefðu mátt fara í flæði á deildum eldri barna en fóru ekki.



Elstu börnin lita garn og vefa í vefstól

2.3 Innra mat Heimakots

Umbótaþættir Heimakot	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Háaloft	Markmið náðist. Vorum með 4-5 ára börn. Hljóm kom vel út og allir áhugasamir í þeim verkefnum sem fyrir þau voru lögð. Í haust verða breyttar forsendur þar sem við verðum með 2-3 ára börn og ætlum við að nýta háloftið til að æfa félagsfærni í leik.	Taka 2-4 börn og leiðbeina þeim að vera í leik. Til dæmis í hlutverkaleik, spila og leika með kubba	Byrja að hausti og enda að vori.	Deildastjóri og starfsfólk Heimakots.	Endurmat fer fram eftir áramót og aftur að vori. Könnun meðal starfsmanna	Að leikurinn veiti börnunum gleði og hamingju, að börnin kunni að deila sín á milli og koma hugmyndum sínum á framfæri.
Hreyfing	Markmið síðasta árs náðist. Í haust eru breyttar forsendur þar sem börn eru mikið yngri. Stefnum við að því að fá yfirsýn yfir gróf-hreyfingar	Taka börnin í litla hópa og athuga hreyfigetu þeirra.	Byrja að hausti og enda að vori.	Deildastjóri og starfsmenn Heimakots.	Könnun verður gerð að hausti. Endurmat verður eftir áramót og að vori.	Notum færnikema (grófhreyfingar).




	barnanna.					
Gleði barna	Að börnin upplifi gleði og öryggi í leikskólanum og komi glöð og kát í leikskólann á morgnanna.	Að börnin fái að vera með í daglegu starfi. Að börnin fái að velja sér verkefni sem þeim þykir skemmtileg. Vera vakandi fyrir börnum sem líður á einhvern hátt illa.	Byrja að hausti og enda að vori.	Deildastjóri og starfsfólk á Heimakoti	Endurmat að vori. Könnun meðal starfsmanna, Foreldraviðtöl og mat barna.	Að börnin vilji koma í leikskólann og komi glöð og kát.

Opið hús: Opið hús gekk vel hjá okkur á Heimakoti. Við reyndum að undirbúa okkur jafnt og þétt yfir veturinn þegar hægt var enda með góðan hóp af börnum sem gerði það að verkum að við gátum unnið mikið inn á deild. Það komu allir foreldrar á opna húsið og allir afskaplega glaðir með allt

Aðlögun: Aðlögun gekk afar vel.

Færsla barna á milli deilda þegar það er mannekla: Börn sem komu frá öðrum deildum aðlöguðust mjög vel. Þetta gekk allt vel, enda við að aðlaga fá börn í fyrra og höfum við lítið um þetta að segja.

Við viljum benda á að það eru miklar breytingar í húsi næsta haust og þarf að taka tillit til þess, til dæmis hafa 2 vikur á milli aðlagana og taka tillit til fjölda starfsmanna og fjölda barna sem eru í aðlögun.



Ljóð barnanna



ÍR: Okkur finnst börnin hafa afar gott af þessu, en okkur finnst að tímarnir mættu vera fjölbreyttari (börnin eru orðin leið á stöðvum og vilja ekki fara) Eins finnst okkur öryggis ekki nógu vel gætt. T.d. eru ekki dýnur undir köðlum og rimlum.

Valið: Við stöndum okkur vel með Valið. Það þyrfti að vera til fjölbreyttari spil. Við stefnum á að börnin fari glöð og kát frá okkur.

Flæði: Við stöndum okkur ágætlega, okkur finnst gott að hafa flæði á föstudögum f.h. Til að verða enn betri þá þarf að skoða betur með hlaup og leik á gangi.

Við stefnum á að hafa flæði áfram á föstudögum til að efla sjálfstæði barnanna og minnka þirring vegna þreytu sem er oft áberandi í lok viku.

2.4 Innra mat Heimasels

Ekki tókst að halda hópstarfsáætlun eftir áramót. Þess vegna ætlum við að endurtaka þann þátt til að ná markmiðinu. Það sem við köllum blönduð verkefnavinna stóðst hjá okkur.

Umbótaþættir Heimasel	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfsmynd og samkennd	Efla sjálfsmynd barnanna svo þau eigi auðveldara með að standa með sjálfum sér og setja sig í spor annarra.	Í öllu daglegu amstri og í hópstarfi þar sem verða umræður Jákvæð samskipti, virk hlustun.	Sept.- maí	Deildastjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Hópstjórar ræða við börnin. Starfsmenn ræða á deildafundum í nóv. og aftur í apríl	Markmiðið er að börnin séu með örugga sjálfsmynd, og hafi ríka samkennd til hvors annars, efla vináttu



Hópastarf	Gera hópastarf markvissara	Gera áætlun viku fyrir viku sem inni - heldur umræðu-punkta, verkefni, bækur og lög.	Sept. - maí	Allir starfsmenn á Heimaseli	Skipta börnunum í hópa eftir aldri. Tölum saman á deildafundi a.m.k. 2 á önn oftast ef þurfa þykir.	Að börnin læri sjálfstæð vinnubrögð, óhrædd við að prófa kynnast sem flestum áhöldum og efnivið.
------------------	----------------------------	--	-------------	------------------------------	---	--

Opið hús

Tókst vel, erum ánægðar með uppsetningu verkefnanna og daginn í heild sinni.


Smá erfitt fyrir sum börnin að bíða eftir foreldrunum en allt gekk vel og það var 100% mæting foreldra barna á Heimaseli.

Undirbúningur gekk ágætlega, þó það væru mikið um veikindaförföll starfsmanna á deildinni.

Aðlögun barna: Aðlögun nýrra barna gekk mjög vel. Engin vandamál með það. Aðlögun milli deilda gekk líka vel. Börnin komu öll í einu eða tveimur hollum. Hefðum viljað vita að Heimahlíð var að taka mörg ný börn í aðlögun og elstu börnin okkar voru ekki öll hætt þegar þetta gekk yfir.

Færsla barna á milli deilda þegar það er mannekla: Of oft komu börn af öðrum deildum þar sem vantaði starfsfólk, en við vissum ekki af þeim fyrr en þau mættu. Of oft voru börn frá öðrum deildum mætt hér inn án nokkurra skilaboða og enginn starfsmaður vissi af hverju þau birtust hér. Hvort þau væru að flakka um húsið eða ættu að vera hér. Stundum vissu aðrar deildir ekki að það myndu koma börn frá Seli þegar við mættum þar.





Glerlistaverk barna

2.5 Innra mat Heimaból

Endurmat síðasta árs varðandi virkni starfsfólks í útiveru með börnum hefur ekki virkað sem skyldi. Því viljum við halda áfram að vinna að þeim umbótum sem starfsfólk Heimabóls setti sér í upphafi.

Umbótaþættir Heimaból	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útivera. Gera útiveru barnanna spennandi og skemmtilega.	Virkni starfsmanna, vellíðan og ánægja barnanna	Færri börn úti í einu sem eflir frjálsan og sjálf-sprottinn leik þeirra, meira pláss í garði. Einn	Hefst að hausti og lýkur að vori	Deildarstjórar allra deilda og starfsmenn útiveru	Stjórnenda-fundir, deildarfundir spurningar lagðar fyrir börnin	Leikurinn er lífstjáning og gleðigjafi barna. Í sjálf-sprottnum leik gefst tækifæri á að læra



		starfsmann á ákveðin svæði í garðinum				samskipta-reglur og félagsfærni eflist. Að starfsfólk styðji við sköpun barna í leik með því að leyfa ímyndunar-afli að þróast (námskrá Jöklaborgar)
--	--	---------------------------------------	--	--	--	--

Umbótaþættir Heimaból	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Börn verði virkir þátttakendur í virku lýðræðislegu samfélagi.	Að börn fái tækifæri að koma skoðunum sínum á framfæri og verða þátttakendur í samfélagi sem þau tilheyra.	Opnar spurningar sem leiða börnin að uppbyggi - legum verkefnum. Umræður og lýðræðisleg kosning.	Hefst að hausti og lýkur að vori.	Deildarstjóri og starfsfólk Heimabóls.	(könnun, rýnihópur, safna gögnum) Fundir með börnunum, sameiginlegar ákvarðanir teknar. Allir fá að tjá sig, allir hafa rödd.	Markmið okkar er að skila,glöðum sjálfs-öruggum börnum og börnum sem bera umhyggju fyrir öðrum og virði margbreyti-leikann í



Opið hús: Vorum ánægð með opið hús þetta árið. Bæði hvað varðar undirbúning og daginn sjálfan. Undirbúningur gekk vel, góð upplifun, ekkert stress eða aukaálag. Öll verkefni og listaverk barnanna voru tilbúin, allt sett upp í rólegheitum. (Verkefni sem börnin unnu yfir veturinn). Salur var flottur fannst okkur, allt meira afslappað. Góð samvinna á Heimabóli.

Umbætur: Þurfum að tala saman deildarstjórar elstu barna varðandi fjölda listaverka í sal og uppsetningu.

Aðlögun: Skoða þarf vel hve mörg börn geta komið í aðlögun í einu. Getur skapar aukið álag á starfsfólk og börn ef börnin eru of mörg.

Umbætur: Viljum fá 2-3 börn í einu í aðlögun svo starfsfólk geti sinnt þeim, kynnst börnunum og áunnið sér traust þeirra. (Lengi býr að fyrstu gerð). Eins viljum við sjá að allar aðlaganir verði eftir sumarfrí, það myndi þýða að elstu börn kæmu ekki aftur eftir sumarfrí.

Börn á milli deilda: Tvö til þrjú börn í aðlögun í einu svo hægt sé að sinna þeim.

Umbætur: Betra upplýsingaflæði á milli deilda varðandi börnin sem fara á eldri deildir. Meiri umræða á milli deildarstjóra og leikskólastjóra hvaða börn fara á hvaða deild. Að deildarstjórar séu með í fyrsta foreldraviðtali.





Öskudagsbúningagerð

2.6 Innra mat sérkennslu

Þar sem áætlun varðandi litla hópa fyrir öll börn gekk ekki upp seinasta skólaár og við erum að fara af stað með þróunarverkefni varðandi félagsfærni er áætlað að koma af stað málörvunar og félagsfærni hópavinnu fyrir öll börn.

Umbótaáætlun sérkennslu 2019 - 2020

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinna meira í litlum málörvunar og félagsfærni hópum	Að hvert barn fái tækifæri til að vinna í fámennum hópi einu sinni í viku með starfsmann út af deild. áhersla á spil og félagsfærni og vináttu verkefni.	Skiptum börnunum í hópa 4 til 5 í hóp	Haut 2019 Vor 2020	Sérkennslustjóri og deildarstjórar	Mat barna EFI 2 OG Hljóm 2	Með skráningu hvernig tókst að halda áætlun. niður stöður efi 2 og Hljóm 2. viðbrögð barnanna



2.7 Mat elstu barna leikskólans

Hvað finnst þér skemmtilegast í leikskólanum?

Úti í fótbolta, vera í salnum í fótbolta, lita og perla, fara í gönguferðir, leika, verkefni eru skemmtileg. Gaman að tala við xx starfsmann, spila og lita, leika við vini mína, búa til leikrit, fara í ÍR. Skemmtilegast að sippa og vera í petshopinu, að róla, líka að hlaupa. Lita, perla og eiginlega allt.

Hvað finnst þér erfiðast í leikskólanum?

Ekkert, það er ekkert erfitt, vera í mömmó, mér finnst leiðinlegt þegar einhver er að rífast, það er ekkert erfitt, að vera síðust inn eða síðust út. Getur verið erfitt að lita eitthvað vandlega, mér fannst leiðinlegt að fara í ÍR og það var leiðinlegt að vefa en gaman þegar það var búið.

Hvað heldur þú að sé skemmtilegast í grunnskólanum?

Að keppa í fótbolta, að perla, fara í bókasafnið, fara í frímínútur, hitta mömmu (hún vinnur í grunnskólanum), að borða þegar klukkan hringir. Að vera með bróður mínum, að lesa bækur, að leika við krakkana sem voru í Jöklaborg. Að leika og sitja hjá systir minni hún er skemmtileg, að lesa og spila á hljóðfæri og leika, fara í íþróttir.

Hvað heldur þú að sé erfiðast í grunnskólanum?

Læra, ekkert, lesa og ekkert meira, að renna á rassapotu niður brekkuna í garðinum, það held ég að sé leiðinlegast og erfiðast, að meiða, ef einhver er að meiða og maður segir hættu og hann hættir ekki þá á að segja kennaranum, leiðinlegt að meiða sig ef enginn kemur að hjálpa annars hlakka ég til. Ekkert, ég hlakka bara til. Það verður bara dásamlegt í skólanum. Hlakka til að læra að lesa.

Mat á þáttum starfsins: Viðmið um gæðastarf.

„Viðmót og menning“ var metið á skipulagsdegi ásamt „leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans“



Reglur sem börnin settu

Gott að smakka matinn til að við vitum hvort hann er góður eða vondur

Vera með fátt dót í einu. Ganga frá einu dóti áður en maður tekur nýtt dót.

Pissa ef við þurfum áður en við borðum. Alltaf að þvo hendur.

Göngum frá fötunum okkar í fataherberginu.

Göngum frá húfunum okkar í hólfid annars geta þær týnst.

Raða skónum okkar. Ganga frá regngöllum okkar.

3 Ytra mat

Skóla- og frístundasviðs sendi út tvær kannanir. Önnur var starfsmannakönnun og hin var foreldrakönnun.

3.1 Starfsmannakönnun

Starfsmanna könnun framkvæmd í febrúar 2019. Svarhlutfall starfsmanna var 76% sem er mjög gott.

Hæsta skor var í þáttum: sveigjanleiki í starfi, samvinna á vinnustað góð, stuðningur frá vinnufélögum, starfsmannastöðuleiki. Það sem betur má fara eru þættir eins og: vinnuálag, upplýsingaflæði, hvatning, fræðsla og þjálfun.



3.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var gerð hjá Reykjavíkurborg í mars 2019. Svörum var gefin einkunn á bilinu 1-5. og hér eru nokkrir þættir könnunarinnar.

Barninu líður vel í leikskólanum: Jöklaborg 4,69 en meðaltal í borgarinnar var 4,60.

Tel barnið mitt öruggt: Jöklaborg 4,59 en meðaltal í borginni var 4,58

Vingjarnlegt andrúmsloft: Jöklaborg 4,66 en meðaltal í borginni var 4,56

Leikskólanum er vel stjórnað Jöklaborg 4,30 en meðaltal í borginni var 4,38

Heildar ánægja með leikskólann: Jöklaborg 4,56 en meðaltal í borginni var 4,54



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl munu fara fram í janúar og ljúka í maí 2020.

Skipulagsdagar voru fjölbreyttir er varðar fræðslu og samtal starfsmanna. Þar var m.a. rýnt í Starfsáætlun Jöklaborgar og skoðuð umbótaáætlun hvernar deildar, unnið var að undirbúningi fyrir foreldraviðtöl, nokkrir þættir í barnasáttmálanum skoðaðir og kenningar Beritar Bae rýndar. Þá var áætlun vegna jarðskjálfta skoðuð og mikil umræða um hana.

Starfsmannahópurinn fór á leikskólaráðstefnu „Sá sem er glaður er góður“ á vegum skóla- og frístundasviðs 7. febrúar 2019. Á skipulagsdegi í mars var rætt og unnið með nýja menntastefnu og undirbúin þátttaka okkar í Barnamenningarhátíð ásamt því að kynna Gefðu 10 sem er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti við fjölbreyttd börn.

Á sameiginlegum skipulagsdegi leik- og grunnskóla í Seljahverfi var hlítt á fyrirlestur þar sem Pálmar Ragnarsson ræddi um jákvæða sálfræði. Eftir hádegi var síðan fyrirlestur um jákvæðni sem Edda Björgvinsdóttir sá um.

Stjórnendur sóttu námskeið um Völu sem er nýtt viðverkerfi.

Leikskólastjóri sótti fræðslu á Stjórnendadegi Reykjavíkurborgar

Sérkennslustjóri sótti ýmsa fræðslu er varðar sérkennslu barna.

Leikskólastjóri sótti Forystunám á vegum Reykjavíkurborgar. Einn starfsmaður fór á Fagnámskeið Eflingar vor 2019. Tveir starfsmenn í námi leikskólakennarinn. Einn starfsmaður mun sækja nám á vegum Eflingar haustið 2019

Á komandi skólaári 2019 – 2020 verður haldið áfram með vinnu þróunarverkefnis okkar um félagsfærni sem tengist nýrri menntastefnu og mun verða kafað dýpra í þá vinnu.

Áætlað er að fá Ellen Calmon verkefnastýru Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir starfsfólk með fræðslu um réttindi barna og Barnasáttmálann.

Í tengslum við þróunarverkefni „Ég, þú og við saman“ munum við fá til okkar fólk með fræðslu um málefnið.

Námskeið í skyndihjálpi að vori 2020



Starfsfólk Jöklaborgar mun fara til Brighthon í maí 2020 og kynna sér m.a. mumicon kubba, útikennslu, skoða leikskóla, storytelling o.m.f.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2019-2020:

September: Skólastjórar leik- og grunnskóla Seljahverfis hittast á samráðsfundi í byrjum september.

Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir

gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.

Október: Börn í fyrsta bekk sem voru í Jöklaborg koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum hverfisins.

Nóvember: Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum.

Febrúar: Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.

Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2020-2021.

Maí: Grunnskólar hverfisins bjóða væntanlegum nemendum í sína þriðju heimsókn. Foreldrar fylgja börnunum í þá heimsókn.

Elstu börnin í Jöklaborg fara í heimsóknir í Seljaskóla eins og kemur fram hér að ofan. Það eru alls þrjár heimsóknir. Niðurstöður Hljóm-2 fylgja börnunum á milli skólastiga. Niðurstöður úr læsisprófum sem tekin eru í grunnskólanum á börnum í fyrsta bekk eru kynntar stjórnendum og deildarstjórum elstu barnanna leikskólans.





6 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Fulltrúar foreldraráðsins voru þrír ásamt leikskólastjóra. Þeir eru kosnir á foreldrafundi sem haldinn er í september ár hvert. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmdum skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Foreldraráðið fundar eftir þörfum. Í fundarboði kemur fram dagskrá fundar. Fulltrúar foreldraráðsins lesa starfsáætlunina yfir og gefa umsögn um hana. Í foreldraráði þetta skólaár voru: Ólöf Marín Úlfarsdóttir móðir Evu Marínar, Þorgerður Lilja Björnsdóttir móðir Kristján Breka, Dagbjört Hildur móðir Torfa og Ernu Hafdísar og Anna Bára Pétursdóttir leikskólastjóri

Starfsreglur foreldraráðs Jöklaborgar:

Foreldraráð Jöklaborgar starfar skv. lögum um leikskóla 90/2008 og leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs.

- Foreldraráðið einsetur sér að starfa faglega við að veita umsögn um starf leikskólans.
- Foreldraráðið heldur trúnað um persónuupplýsingar barna, foreldra, starfsfólks og annarra sem ráðið kann að fjalla um.
- Foreldraráðið getur verið farvegur fyrir foreldra leikskólabarna sem vilja koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um leikskólastarfið.
- Foreldraráðið kemur saman að lágmarki tvisvar á hverju misseri, gjarnan í tengslum við skipulagsdaga starfsfólks og starfsáætlanagerð.
- Meirihluti foreldraráðsins verður að mæta á fundi til þess að ráðið teljist starfshæft. Ef greidd eru atkvæði um mál í ráðinu er það einfaldur meirihluti sem ræður.



Starfsreglur þessar voru samþykktar á fundi foreldraráðs Jöklaborgar fimmtudaginn 28. ágúst 2014.

Foreldrafélag:

Foreldrafélag Jöklaborgar var skipað fimm foreldrum, einn deildarstjóri er fulltrúi leikskólans og situr fundi félagsins. Foreldrafélagið er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna í Jöklaborg. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í Jöklaborg.

Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með eftirfarandi:

- Að hvetja alla foreldra til þess að taka þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og störf leikskólans í fullu samráði við starfsfólk.
- Að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra sem nýtast við uppeldi barna.
- Að bjóða upp á ýmislegt skemmtilegt til þess að lífga upp á tilveruna og byggja upp góðan félagsanda innan leikskólans.

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti í lok foreldrafundar leikskólans. Foreldrafélagið stóð fyrir ýmsum viðburðum á skólaárinu s.s. vorferð sem farin var á sveitabæinn Stóra Háls og leiksýning þar sem leikhópurinn Lotta sýndi atriði úr ævintýrum á hátíð í tilefni af þjóðhátíðardegi okkar.

Í stjórn foreldrafélagsins þetta skólaár voru:

Ólöf Marín Úlfarsdóttir móðir Evu Marínar, Guðríður Sturludóttir móðir Sturlu Jörundar Bóasar, Þórlaug Sæmundsdóttir móðir Hrafnfífu Hlínar, Arna Björk Sigurðardóttir móðir Ylfu Marenar, Gunnar Björn Jónsson faðir Arons Braga og Hallbera Bjarnadóttir deildarstjóri á Heimaseli.

Foreldrafundir:

Haldnir voru tveir foreldrafundir yfir árið, einn að hausti fyrir alla foreldra þar sem starfsáætlun leikskólans er kynnt og kosið í foreldraráð. Á sama fundi er aðalfundur foreldrafélagsins. Síðan var fundur að vori fyrir foreldra nýrra barna þar sem fram fór kynning á stefnu og starfi leikskólans.

Foreldraviðtöl:

Foreldrar barna sem eru að byrja í leikskólanum fá viðtal við leikskólastjóra/ aðstoðarleikskólastjóra við upphaf leikskólagöngu. Þar er m.a. farið yfir sögu barnsins og gerður dvalarsamningur. Nokkru eftir aðlögun barns er foreldrum boðið foreldraviðtal við deildarstjóra, áætlað í október. Skipulögð



foreldraviðtöl fyrir alla foreldra verða í janúar/febrúar þar sem farið er yfir stöðu barnsins er varðar þroska og getu. Einnig eru einstaklingsáætlanir ræddar og foreldrar þannig virkir í gerð einstaklingsáætlana barnanna sinna. Foreldraviðtöl, þ.e. kveðjuviðtöl eru að vori vegna barna sem eru að fara í grunnskóla. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við deildarstjóra/leikskólustjóra telji þeir þörf á því. Þegar börn færast á milli deilda er foreldrum boðið upp á viðtal við nýjan deildarstjóra.

7 Skipulagsdagur og leikskóladagatal

Föstudagur	4. október	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Miðvikudagur	27. nóvember	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Mánudagur	6. janúar	Lokað allan daginn
Mánudagur	23. mars	Lokað allan daginn (Allir skólar í Seljahverfi)
Miðvikudagur	20. maí	Lokað allan daginn
Föstudagur	22. maí	Lokað allan daginn

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: Leikskólinn Jöklaborg

ÁRÐAG	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	
1. F	Sumarlökun	1. S	1. F	1. S	Fyllveldisdagurinn	1. M	Nýársdagur	1. L	1. S	1. M	1. F	1. M
2. F	Sumarlökun	2. M	2. F	2. L	2. M	2. F	2. S	2. M	2. F	2. L	2. F	2. F
3. L		3. M	3. F	3. S	3. L	3. M	3. F	3. M	3. F	3. S	3. M	3. F
4. S		4. M	4. F	4. S	4. L	4. M	4. F	4. L	4. M	4. F	4. L	4. L
5. M	Þráttur verndarmanns	5. F	5. L	5. S	5. F	5. S	5. M	5. S	5. S	5. M	5. F	5. S
6. F	Sumarlökun	6. S	6. M	6. F	6. M	6. F	6. S	6. F	6. M	6. L	6. M	6. M
7. L	Sumarlökun	7. M	7. F	7. L	7. S	7. F	7. M	7. F	7. L	7. S	7. F	7. S
8. F		8. M	8. F	8. L	8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. L	8. M	8. M
9. L		9. M	9. F	9. S	9. L	9. M	9. F	9. M	9. F	9. L	9. M	9. F
10. F		10. M	10. F	10. S	10. L	10. M	10. F	10. F	10. L	10. M	10. F	10. F
11. S		11. M	11. F	11. S	11. L	11. M	11. F	11. F	11. L	11. M	11. F	11. L
12. M		12. F	12. L	12. S	12. L	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. L	12. S
13. S		13. F	13. M	13. F	13. L	13. M	13. F	13. M	13. F	13. L	13. M	13. M
14. M		14. M	14. F	14. L	14. M	14. F	14. L	14. L	14. F	14. S	14. M	14. M
15. F		15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. L	15. S	15. M	15. F	15. M	15. M
16. L		16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. S	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F
17. F		17. M	17. F	17. S	17. L	17. M	17. F	17. S	17. M	17. L	17. M	17. F
18. S		18. F	18. L	18. S	18. L	18. M	18. F	18. L	18. M	18. F	18. L	18. L
19. M		19. F	19. M	19. F	19. L	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. M	19. S
20. F		20. S	20. M	20. F	20. M	20. F	20. L	20. M	20. F	20. L	20. M	20. M
21. M		21. F	21. L	21. S	21. L	21. M	21. F	21. L	21. M	21. F	21. L	21. M
22. F		22. M	22. F	22. S	22. M	22. L	22. F	22. S	22. M	22. F	22. L	22. M
23. L		23. M	23. F	23. L	23. M	23. F	23. S	23. M	23. F	23. L	23. M	23. F
24. F		24. M	24. F	24. S	24. L	24. M	24. F	24. M	24. F	24. L	24. M	24. F
25. S		25. M	25. F	25. L	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. L	25. M	25. F
26. M	Adilgagn eytra barns	26. F	26. L	26. S	26. M	26. F	26. L	26. M	26. F	26. L	26. M	26. S
27. F	Adilgagn eytra barns	27. S	27. M	27. F	27. L	27. M	27. F	27. M	27. L	27. M	27. F	27. M
28. M	Adilgagn eytra barns	28. L	28. M	28. F	28. L	28. M	28. F	28. L	28. M	28. F	28. M	28. L
29. F	Adilgagn eytra barns	29. S	29. M	29. F	29. L	29. M	29. F	29. M	29. L	29. M	29. F	29. M
30. L	Adilgagn eytra barns	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F
31. F		31. F	31. L	31. S	31. M	31. F	31. S	31. M	31. F	31. L	31. M	31. F

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	Já 1.barn	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1 barn	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	5 börn	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3 aðilar	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	nei	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Heyrna og talmeinastöð, talmeinafræðinga á stofum, GRR, Æfingarstöðin Háaleitisbraut
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	



8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Myndrænt dagskipulag, setja orð á athafnir, samræður, sögustundir daglega, Bókin mín notuð, Ferðabangsi, börn koma með bækur að heiman
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Gefðu 10 er notað, málörvun í vettvangsferðum, í spilum og nota látbragð. Tákn með tali, Lærum og leikum með hljóðin.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Í samverustundum, söngstundum, lestrarstundum, daglega í leik barna
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Með Hljóm2, Efi 2 - Einstaklingsáætlun
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Notuð eru ýmis spil til málörvunar, Öpp, Unnið með hljóðkerfisvitund barna,



8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Jöklaborgar hefur farið yfir starfsáætlun fyrir komandi skólaár og er sátt við þá áætlun. Innra mat deilda er skýrt og heiðarlegt og greinilegur vilji til að vinna markvisst að umbótastarfi á þeim þáttum leikskólastarfsins sem þörf er talin á. Hér hefur verið stuðst við markvissar mælingar á árangri í starfi með því að rýna með reglubundnum hætti í einstaka þætti starfsins og þá hvaða leiðir eru færar til umbóta ef mælingar sýna að gera þurfi betur eða bæta verklag. Með þessum hætti sýnist okkur í foreldraráði að meðvitun og stöðug þróun eigi sér stað í leikskólastarfinu þar sem stefnt er að árangri í leik og starfi, börnunum til heilla.

Nú hefur nýbygging við leikskólann verið tekin í notkun og mikilvægt að huga vel að breytingum sem stækkunin hefur í för með sér. Það er afar jákvætt að breytingin gefi af sér betra rými fyrir kaffistofu starfsmanna og aðstöðu til undirbúnings. Mikilvægt er að leikskólinn sé samkeppnishæfur þegar kemur að þessum þáttum því aðstaða til faglegrar vinnu þarf að vera góð og starfsmannaaðstaða hefur jákvæð áhrif á vinnuanda innan vinnustaða.

Aldursskipting á Jöklaborg hefur breyst mikið frá því síðasta vetur og nú eru mun yngri börn en áður á eldri deildum. Tryggja þarf að eldri börnin gleymist ekki í þessum aðstæðum og allir fái örvun við hæfi. Uppsetning ung barnadeildar á Heimahlíð er til mikilla bóta fyrir leikskólann og hverfið og ánægjulegt að umbætur verði á deildinni sem og á útisvæði. Tryggja þarf að ónæði sem af öllum framkvæmdum hlýtur trúfli sem minnst leikskólastarf og auki ekki um of álag á starfsfólk.

Foreldraráð ítrekar áhyggjur sínar vegna lágs hlutfalls fagmenntaðra starfsmanna en vonar að umbætur utan sem innan leikskólans geti haft jákvæð áhrif þar á. Þá hefur foreldraráð áhyggjur af mikilli veikindafjarveru starfsfólks en líkt og fram kemur í starfsáætlun hefur það leitt til þess að ekki hefur reynst unnt að sinna ákveðnum verkefnum með börnunum sem stefnt var að í starfsáætlun síðasta árs.

Hið nýja þróunarverkefni um félagsfærni "Ég, þú og við saman" er áhugavert og mikilvægt að markvissari vinna í tengslum við félagsfærni komi inn í leikskólastarfið. Foreldraráð vill koma á framfæri hrósi til leikskólans fyrir þessa góðu vinnu og hlakkar til að fylgjast með framgangi þess.

Að lokum hvetur foreldraráð leikskólastjóra áfram til að vekja athygli foreldra á starfsáætluninni svo að foreldrar hafi tækifæri til að koma með athugasemdir til foreldraráðs, ef einhverjar eru. Auk þess sem góðar hugmyndir eða ábendingar eru alltaf vel þegnar. Megi komandi skólaár Jöklaborgar verða farsælt og gjöfult með gildi leikskólans að leiðarljósi: Gleði - Virðing - Sköpun.

Foreldraráð leikskólans:

Þorgerður Lilja, Dagbjört Hildur og Ólöf Marín



F. h. Leikskólans Jöklaborgar
Anna Bára Pétursdóttir
Leikskólastjóri
30. október 2019

